

43. fundur (aukafundur) sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 8. júlí 2009 kl. 16:00 á skrifstofu Langanesbyggðar

Mætt voru: Jóhanna Helgadóttir, Hilma Steinarsdóttir, Siggeir Stefánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hulda Sigurðardóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundgerð á tölvu.

Oddviti spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir að fá að setja á dagskrá málefni varðandi ráðningu á leikskólann Barnaból sem lið 6. Og setja á lið 7. Beiðni um námsstyrk *Samþykkt samhljóða.*

DAGSKRÁ:

1. Gatnagerð á Þórshöfn.

- *Björn Sveinsson frá verkfræðistofu VERKÍS fór yfir aðkomu sinni að verkinu og kostnaðaráætlun og stöðu gatnagerðar og tengdra verkefna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 voru áætlaðar 55 milljónir króna í gatnagerð en kostnaður hefur breyst nokkuð frá þeirri áætlun. Í nýrri kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður verði um 64,3 milljónir til að ljúka við það sem lagt upp var með þ.e. að ljúka við nýjar götur með tvöfaldri klæðningu og leggja einfalda klæðningu á áður lagðar götur ásamt því að malbika gámasvæði og bifreiðastæði við skóla og íþróttahús. Til að klára gámasvæðið að fullu með rampi, girðingu og öllu tilheyrandi ásamt klóakútrás við Langanesveg og geymsluplani fyrir fyrirtæki mun kostnaður verða um 77 milljónir. Birni Sveinssyni falið að athuga hvort hægt væri að lækka þennan kostnað og ákvörðun frestað fram til föstudagsins 10. júlí n.k.*
Samþykkt samhljóða.

2. Umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir félagsheimilið Þórsver.

- *Samþykkt samhljóða að endurnýja rekstraleyfið.*

3. Eyravegur 8 (Sandur).

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að húsið verði rífið, sveitarstjóra falið að skoða aðra möguleika einnig.
Samþykkt samhljóða.

4. Gamla sundlaugin.

- *Umræður um hvað skuli gera við gömlu sundlauginu en ljóst er að hún verður aldrei tekin í notkunar aftur og þjónar hún nú þeim eina tilgangi að nýtast sem*

geymsla sem sannarlega engin þrýði er af. Sveitarstjóra falið að óska eftir tilboði í niðurrif og frágang á lóð.

Samþykkt samhljóða.

5. Fyrirspurn frá Leigufélaginu Stapa ehf.

- *Í fyrirspurn frá nýstofnuðu félagi kemur fram sú spurning hvort sveitarfélagið hafi áhuga að selja allar íbúðir í eigu þess eða hversu margar íbúðir sveitarfélagið vilji selja. Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.*

Samþykkt samhljóða.

6. Leikskólinn á Þórshöfn.

- *Sveitarstjóri óskaði eftir útskýringum sveitarstjórnarmanna varðandi ráðningu í stöðu deildarstjóra við leikskólann á Þórshöfn. Svo virðist sem einhver misskilningur sé í gangi þar sem fólk úr fræðslunefnd og sveitarstjórn töldu að einungis væri um tímabundna ráðningu að ræða í þetta starf eða þangað til að núverandi deildarstjóri kæmi úr orlofi en ekki hafi verið ætlunin að fjölga deildarstjórum. Ljóst er að um misskilning hafi verið að ræða og að ekki hafi verið talað nógu skýrt gagnvart umræddri manneskju og þykir sveitarstjórn það mjög miður að svona skuli vera og er sveitarstjóra falið að ræða við viðkomandi.*

Samþykkt samhljóða.

7. Beiðni um námsstyrk.

- *Í bréfi dagsett 8.júlí 2009 óskar Magdalena Zawodna óskar eftir námsstyrk þar sem hún er að fara í fjarnám í leikskólakennarafræðum í samvinnu við þekkingarsetur Þingeyinga á Þórshöfn og óskar hún eftir því að fá að vera á óbreyttum launum meðan hún sækir starfstengdar námslotur á Akureyri og er hún til í að skuldbinda sig að starfa við leikskólann í ákveðinn árafjölda að námu loknu.*

Sveitarstjórn samþykkir þetta samhljóða og sveitarstjóra falið að gera samning um þetta við Magdalena Zawodna.

Fundargerðin upplestin og samþykkt samhljóða, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:10

Fundargerðin er tvær blaðsíður 81-82